

Nd.

### 148. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum 15. október 1875 um laun  
íslenskra embættismanna.

(Frá meiri hluta nefndarinnar).

Nefnd sú, er neðri deild Alþingis skipaði til þess að athuga frumvarp þetta, hefir átt með sjer nokkra fundi og komist að þeirri niðurstöðu, að ráða deildinni til að fella frumvarpið.

Ástæður nefndarinnar eru í stuttu máli þessar:

Nefndin telur laun alls þorra þeirra manna, sem teknir eru upp í frumvarp stjórnarinnar, nægilega há nú, móts við hag þjóðarinnar og annara starfsmanna, svo að ekki beri bráða nje brýna nauðsyn að breyta þeim. Verður á það að líta, að flest þessi störf eru ekki mjög erfið, en allmjög eftirsótt, ef eitthvert þeirra losnar, og enn, að margir starfsmennirnir hafa góðar aukatekjur, sumir jafnvel svo miklar, að margir mundu telja sig fullhaldna af þeim einum.

Á hinn bóginn neitar nefndin því ekki, að laun einstakra manna, sem taldir eru í frumvarpinu, þurfi lagfæringar við, og að svo muni vera um laun fleiri starfsmanna þjóðarinnar. Mætti drepa á það, að þegar fram í sækti, mætti bæta kjör margra hinna lágt launaðri starfsmanna, ef varið væri til þess þótt ekki væri meira en helmingi þess eftirlaunafjár, sem nú gengur til fátækra og ríkra, verðugra og óverðugra, liggur oss við að segja.

Þjóðin er um fátt betur sammála en það, að lækka beri eftirlaun embættismanna, eða helst afnema þau með öllu. — Þetta er svo alkunnugt og vitanlegt, að nefndin sjer ekki ástæðu til að sanna það með yfirlýsingum þingmálafrunda ár frá ári. Samkvæmt þessum almennu kröfum var borið fram frumvarp hjer í deildinni árið 1911 um lækkun eftirlauna. Málið komst í nefnd og varð nefndin á því, að rjettast mundi að verða við óskum þjóðar-

innar og afnema eftirlaun með öllu, en jafnframt kynni þá að þurfa að bæta launakjör einhverra þeirra starfsmanna þjóðfélagsins, sem minstar tekjur hefði. Nefndin sá sjer alls ekki fært að bera fram sundurliðaðar tillögur í því efni, og bar því fram svofelda tillögu til þingsályktunar, og var hún samþykkt í deildinni:

»Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að taka til rækilegrar athugunar framkomnar óskir landsmanna um afnám lögákveðinna eftirlauna embættismanna, og í sambandi við það ihuga, hvort eigi verði hægt að nálgast þessar óskir með nýju skipulagi, er fari í þá átt, að embættismenn tryggji sjer sæmilegan ellistyrk, og leggja síðan tillögur um þetta mál fyrir alþingi«.

Stjórnin hefir þó alls ekki tekið aðalatriði þessarar áskorunar til greina, og án þess að hafa rannsakað málið til nokkurrar hlitar, eða búa það viðunanlega í hendur þinginu, hefir hún borið fram frumvarp það, er hjer liggur fyrir.

Því heyrst stundum barið við gegn afnámi eftirlauna embættismanna, að það komi í bága við stefnu tímans. Aðrar þjóðir sjeu nú óðum að koma því horfi á, að *allir* fái eftirlaun eða ellistyrk, og Íslendingar hafi sjálfir sett lög um almennan ellistyrk. Það sje því mótsögn við þessa stefnu að amast við eftirlaunum embættismanna.

Þessa viðbáru getur nefndin ekki fallist á, því að hjer er ólíku saman að jafna. Styrk úr ellistyrktarsjóðnum fá ekki *allir*, heldur að eins þeir, sem á honum þurfa að halda. Eftirlaun fá aftur allir, sem lausn fá í náð, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir. — Það er og síður en svo, að nefndin sje andvig því, að embættismenn hafi styrktarsjóði sjer til stuðnings í ellinni; hún telur einmitt sjálfsagt, að stuðlað verði að því, að þeir tryggji sjer ellistyrk.

Nefndin hyggur, að það væri hagfeldara þjóðinni í heild sinni, að eftirlaun væri afnumin, bæði af því, að við það sparaðist stórfje, eftirlaunalöggjöfin væri ekki misbrúkuð, sem helst til oft þykir við brenna, og við það mundi samhugur almennings og embættismanna verða meiri og betri en áður.

Oss finst því, að stjórninni hafi yfirsjest, er hún tók ekki þessar margítrekuðu óskir almennings og þingsályktunartillögu síðasta reglulegs Alþingis til greina.

En eins og drepið hefir verið á, þá er þetta launa- og eftirlauna mál svo gersamlega óundirbúið til nokkurrar hlitar, að nefndin telur ókleift og ekki forsvaranlegt að fara að grauta í launalögunum að svo vöxnu máli. Launakjör embættismanna í Reykjavík eru varla verri, — heldur munu að jafnaði betri — en annara embættismanna í landinu. Og að minsta kosti ber það ekki vitni um mikið harðæri hjer umfram aðra staði landsins, hve flestir eru óðfúsir að sækjast hingað annarsstaðar af landinu, ef nokkur staða losnar.

Nefndin telur því mjög vandfarið í þetta mál og skaðlegt að hrapa að breytingum. Áður en alþingi getur farið að hækka sem nokkru nemur laun embættismanna, þarf það að hafa í höndum fullkomna skýrslu um núverandi laun allra embættismanna landsins og nákvæmt yfirlit yfir það, hversu launabreytingarnar eða launahækkarnir næmi miklu, ekki einungis fyrsta árið, heldur og þegar komið væri í hámarkið, eftir því, sem itrast er unnt að gefa skýrslur um slíkt. — Þing og þjóð þarf að vita með vissu, út í hvað verið er að ganga með lagabreytingunum. Þess vegna þarf, ef nokkrar verulegar

breytingar á að gera, að taka fyrir *i einu* til rannsóknar launakjör allra opinberra starfsmanna þjóðfélagsins, en það er vitanlega svo mikið verk að stjórninni veitir varla af tíma þeim, er liður milli tveggja reglulegra þinga til slíks undirbúnings.

Stjórnarfrumvarpinu fylgir »Skrá um núverandi laun embættismanna þeirra, er ræðir um í breytingarfrumvarpi þessu, byrjunarlaun þeirra, samkvæmt lagafrumvarpinu og laun þeirra með aldursviðbót 1. janúar 1914«.

Þessi skrá er því miður mjög ófullkomin og óljós, bæði af því, að hún sýnir að eins aldursviðbót í byrjun næsta fjárhagstímabils. en ekki, hvað launahækkunin nemur alls á fjárhagstímabilinu og því síður á seinni fjárhagstímabilum, og í annan stað af því, að hún er takmörkuð við þá embættismenn, sem þar er um að ræða, en sleppir jafnvel tímakennurum, sem nefndir eru í þessu frumvarpi, og öðrum þeim, sem stjórnin vill nú í öðrum sjerstökum frumvörpum láta hafa hærri laun. Vantar því alla greinagerð fyrir því, hvað miklu nemi launahækkunir þær, sem stjórnin fer fram á nú, hvað þá, að hún hafi minstu hliðsjón af því, hversu önnur laun hljóta að hækka á næstu þingum, ef þessari stefnu væri haldið.

Nefndin hefir gert áætlun um þá embættismenn, er stjórnin telur í skránni. Er talið frá veitingardegi hvers starfs og síðan reiknað, hve miklu hækkunin nemi á næsta fjárhagstímabili og, hve miklu hún gæti numið hæst. Er oss að visu ljóst, að »hæstu laun« hafa líklega aldrei *allir* þessir embættismenn í einu, og ætlumst því ekki til að sú hækkun sje skilin of bókstaflega. Vjer höfum ekki reynt að reikna út, hve miklu hækkun þessi mundi nema til jafnaðar um langt tímabil, enda verður það ekki sagt nákvæmlega.

Tók við embætti:	Byrjunarlaun		Mism. 1914—1915 kr. au.	Mesti mismunur á fjárhagstímab. kr.
	Núverandi laun kr.	samkv. frv. kr.		
Biskup <sup>13/9</sup> 1908 ... ..	5000	5000	984 17	3000
Landritari <sup>2/3</sup> 1904.. ... ..	6000	5000		1000
1. Skrifstofustjóri <sup>2/3</sup> 1904 ...	3500	3600	1400 00	2600
2. Skrifstofustjóri <sup>2/3</sup> 1904 ...	3500	3600	1400 00	2600
3. Skrifstofustjóri <sup>26/10</sup> 1908..	3500	3600	635 56	2600
Justitiarius <sup>30/3</sup> 1908 ... ..	4800	5000	1525 00	3400
1. Meðdómandi ... ..	4000	4000	2000 00	2000
2. Meðdómandi <sup>19/11</sup> 1908 ...	3500	4000	1622 78	3000
Póstmeistari <sup>7/7</sup> 1897 ... ..	4000	4000	2000 00	2000
Landsimastjóri ..	{ 3500 1500	4000		3000
Verkfræðingur landsins <sup>1/2</sup> 1905	3000	4000	3182 78	4000
Forstöðum. mentaskólans ...	3600	3200	(- 3800 00)	1200
Yfir kennari <sup>14/10</sup> 1905 ... ..	3200	3600	1842 22	2000
1. Kennari ... ..	2800	2400	1600 00	1600
2. Kennari ... ..	2800	2400	1600 00	1600
3. Kennari <sup>21/4</sup> 1900 ... ..	2400	2400	1738 33	2400
4. Kennari <sup>30/12</sup> 1904 ... ..	2400	2400	1200 00	2400
5. Kennari <sup>14/10</sup> 1905 ... ..	2000	2400	1842 22	3200
Samtals		kr. 24573 06		kr. 43600
		÷ 800 00		
		kr. 23773 06		

1) Persónuleg launaviðbót.

2) Hjer miðað við hin lögakveðnu laun (3500).

3) Þetta því að eins, að nýr maður hafi þá tekið við starfinu.

Skrá þessi ber það með sjer, að hækkunin nemur á næsta fjárhags-  
tímabili, að eins á þessum embættum, kr. 23773,06.

Þætti þinginu brýn nauðsyn á að bæta kjör einhvers sjerstaks manns,  
væri unt að gera það með persónulegri launaviðbót í fjárlögunum.

Neðri deild alþingis, 22. júlí 1913.

G. Eggerz,  
(formaður).

Sigurður Sigurðsson,  
(skrifari).

Benedikt Sveinsson.

Ólafur Briem.